




Haustönn 2020

Bekkjarnámskrá

3. og 4. bekkur



Umsjónarkennari: Kolbeinn Ísólfsson
LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM

Efnisyfirlit

Almennt um kennsluna	3
Grunnþættir menntunar	3
Íslenska	5
Hæfniviðmið	5
Skipulag kennslunnar	6
Námsmat	6
Heimilisfræði 3 og 4. bekkur	6
Kennari: Kolbeinn Ísólfsson	6
Heimilisfræði	6
Hæfniviðmið	6
Skipulag kennslunnar	7
Námsmat	7
Samfélagsfræði 3. bekkur	7
<i>Kennari: Kolbeinn Ísólfsson</i>	7
Samfélagsfræði	7
Hæfniviðmið	7
Skipulag kennslunnar	8
Námsmat	8
Samfélagsfræði 4. bekkur	8
Hæfniviðmið	8
Skipulag kennslunnar	9
Grunnþættir menntunar	9
Námsmat	9
Kennsluáætlun	10
Náttúrufræði	10
Náttúrufræði	10
Hæfniviðmið um verklag	10
Skipulag kennslunnar	12
Námsmat	12
Stærðfræði	12
Hæfniviðmið	12
Skipulag kennslunnar	13
Námsmat	13
Myndmennt /Sjónlistir	14
Hæfniviðmið	14
Skipulag kennslunnar	14

Grunnþættir menntunar	14
Námsmat	14
Textílmennt	15
Hæfniviðmið	15
Skipulag kennslunnar	15
Grunnþættir menntunar	15
Námsmat	15
Tónmennt	16
Hæfniviðmið	16
Skipulag kennslunnar	16
Grunnþættir menntunar	16
Námsmat	16
Skólaíþróttir	17
Hæfniviðmið	17
Grunnþættir menntunar	17
Skipulag kennslunnar	17
Námsmat	17
Upplýsingamennt	18
Hæfniviðmið	18
Skipulag kennslunnar	18
Grunnþættir menntunar	18
Námsmat	18

Bekkjarnámskrá

3. og 4. bekkjar

Almennt um kennsluna

Kennarar:

Kolbeinn Ísólfsson – almenn bekkjarkennsla og umsjón (íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, lífsleikni, myndmennt og heimilisfræði)

Fjóla Kristín B. Blandon – samfélagsfræði

Thelma María Marinósdóttir – upplýsingatækni

Björg Kristín Björgvinsdóttir – textílmennt

Marteinn Páll Friðriksson – smíði

Sóley Margeirsdóttir – íþróttir og sund

Herdís Rútsdóttir - tónmennt

Í þriðja bekk eru sjö nemendur og í fjórða bekk eru sex nemendur. Bekkjunum er kennt saman í öllum greinum nema samfélagsfræði, smíði og textílmennt. Smíði er kennt tvisvar í mánuði aðrar greinar eru alla jafna kenndar allar vikur.

Allir nemendur skólans fara heim á sama tíma en kennslustundafjöldi yngstu og elstu nemenda er jafnaður út þannig að yngstu börnin fara í svokallaðan Dagskóla, þangað til skólabílinn kemur. Á föstudögum fara allir nemendur heim á sama tíma.

Áhersla er lögð á að koma til móts við nemendur með fjölbreyttum vinnubrögðum, og þannig að hver og einn fái sem best notið sín í námi og leik. Þetta er t.d. gert með þeim hætti að nemendur vinna einstaklingslega í sinni lestrarþjálfun en vinna í öðrum greinum bæði í einstaklingslega og í hópum. Áhersla er lögð á að nemendur læri að aðstoða hvern annan og öðlist um leið sjálfstæði og ábyrgð á eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Fyrir íslensku, stærðfræði og samfélags- og náttúrufræði í 3. og 4. bekk.

- Læsi:** Í sínum víðasta skilningi er læsi eitt af höfuðmarkmiðum alls náms. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin á fyrstu árum grunnskólans. Læsi og miðlun eru nátengd og um leið og nemendur læra að nálgast þekkingu á fjölbreyttan hátt, þjálfast þeir einnig í því að miðla henni í máli, ræðu og á myndrænan hátt auk þess sem stafrænir miðlar verða prófaðir.
- Sjálfbærni:** Nemendur þjálfast í því að beita lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem þeim gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum. Gildi, viðhorf og tilfinningar okkar sem og annarra er nokkuð sem unnið er með á ýmsan hátt og reynt að tryggja vellíðan nemenda sem allra mest og best í því litla samfélagi sem bekkurinn þeirra er og skólinn.
Nemendur þjálfast einnig í umhverfisvitund og geri sér grein fyrir mikilvægi sínu og ábyrgð sem samfélagsþegnar.
- Lýðræði og mannréttindi:** Í kennslutímum er lagt upp með að efla samábyrgð, virkni og meðvitund allra nemenda í gegnum íslenskunám. Með þátttöku í hópavinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars ásamt því að finna hjá sér kjark til að ígrunda eigin hugmyndir og láta



þær í ljós. Um leið og ungir nemendur okkar eru þjálfaðir í því að fara eftir leikkerfi skólans, er jafnframt mikilvægt að þjálfna þá í að vera virkir í mótun umhverfis síns og skólans.

- *Jafnrétti:* Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda. Reynt verður að taka fyrir ýmis mál sem snúa að jafnrétti.

- *Heilbrigði og velferð:* Undirstaða náms er heilbrigði og

velferð nemenda og lögð er rík áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.

- *Sköpun:* Í námi sínu þjálfast nemendur í að búa til eigin frásagnir í gegnum sögur, teikningar og ljóð. Frágangur verkefna og skil geta verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst. Mikilvægt er að gefa hverjum og einum tækifæri til þess að miðla og skapa sín verkefni. Með því að virkja nemendur í því að vinna hlutlægt og að hönnun og útfærslu verkefna beislum við um leið og eflum sköpunarkraftinn.

Almennt um námsmat

Samkvæmt Aðalnámskrá skal meta alla þætti náms barnanna, þ.e.a.s hversu vel þau hafa tileinkað sér ákveðna þekkingu, leikni og hæfni. Það er því mikilvægt að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli þá kennsluhætti sem eru notaðir.

Meðfylgjandi mynd sýnir skilgreiningu á þessum þáttum (Aðalnámskrá grunnsóla bls. 39).

Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni

ÞEKking

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, viðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegri ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningaformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

Námsmatsviðmið er að finna í kennsluáætlun árganganna/námskrá. Námsmat skal vera leiðbeinandi þannig að nemandi geti nýtt sér það í næstu skrefum eftir menntaveginum en einnig upplýsandi þannig að aðstandendur séu vel meðvitaðir um stöðu barnsins út frá bekkjarnámskrá eða einstaklingsáherslum hvers og eins.

Í hvaða grein sem er verður vinnusemi, áhugi, frumkvæði, samvinna og sjálfstæði metin.

Íslenska

Kennari: Kolbeinn Ísólffsson (lestur, lesskilningur, bókmenntir, málfræði og ritun)

Kennslustundafjöldi er 8 kennslustundir á viku. Tímar í íslensku geta orðið mun fleiri þar sem íslenskan er samþætt inn í allar námsgreinar.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Tjáð sig með leikrænum tilburðum fyrir framan áhorfendur/bekkjarfélaga.
- Sagt frá t.d.:
 - Eftirminnilegum atburðum
 - Lýst ákveðnu fyrirbæri
 - Endursagt í grófum dráttum frásögn eða texta sem hefur verið lesinn.
- Hlustað á upplestur af ýmsu tagi með athygli og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér efni á rafrænu formi.
- Átt góð samskipti hlustað og sýnt kurteisi



Lestur og bókmenntird

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Lesið nokkuð skýrt og lipurt, þannig að samræmist [lestrarstefnu árganganna](#) (tengill)
- Valið sér lesefni miðað við áhuga, getu og tilgang.
- Beitt helstu hugtökum svo sem aðalpersónur, söguþráður, umhverfi og boðskapur sögu.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta.
- Þekkt vísur og nokkur ljóð og nýtt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rím og ljóðlínu.
- Nálgast upplýsingar úr bókum.
- Nýtt sér myndrænar upplýsingar.

Ritun

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Haldið rétt á skriffæri.
- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Skrifað texta á tölvu.
- Skrifað skýrt og greinilega.
- Samið stutta texta frá eigin brjósti, miðað við lestrarfærni.
- Deilt skrifum sínum með öðrum.

Málfræði

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.

- Þekkt og fundið helstu einingar málsins (s.s. bókstafi, orð og málsgreinar)
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorð, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og bent á þau í stuttum textum.
- Leikið sér með orð, rímað og farið í orðaleiki með kennurum og samnemendum.
- gert sér grein fyrir markmiði þess að læra

Skipulag kennslunnar

Íslenskunám skipar stóran sess í námi barna á yngsta stigi og er hún samtvinnuð öllu öðru námi barnanna. Þau læra ný hugtök í öllum greinum og auka þannig orðaforða sinn verulega. Mikilvægi lesturs er í forgrunni, auk þess sem ritunarferlið er þjálfað jafnt og þétt eftir því sem færni eykst.

Allir kennarar eru íslenskukennarar barnanna og íslenskan er það tæki, ásamt myndrænni framsetningu sem við notum hve mest í öllu námi.

Nemendur vinna mikið saman í hópum, en einnig sem einstaklingar. Mikil áhersla verður á lestur. Á hverjum degi lesa nemendur fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa auk þess að yndislestur er þjálfður og bókasafnið kynnt fyrir nýjum notendum.

Stundaskráin getur tekið ýmsum breytingum eftir því sem viðfangsefnin krefjast hverju sinni, þegar unnið er í lotum í samþættum verkefnum.

Námsmat

Námsmat í íslensku fer fram með ýmsum hætti. Einkum er beitt símati og heildstæð verkefni metin.

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti viðfangsefnisins.

- Lestur er metinn með prófum sem mæla orð á mínútum. Sjá einnig lestrarstefnum árganganna.
- Lestur og læsi er metið í Lesferli Menntamálastofnunar.
- Skrift er metin með rithandarsýnishornum þar sem metið er halli, stafagerð, hald um skriffæri, hvar nemandi byrjar á stafnum og hversu vel stafirnir „sitja“ á línunni.
- Samþætt verkefni þar sem ritun, lestur, miðlun upplýsinga og framsetning þeirra er metin jafnt og þétt eftir því sem verkefni eru unnin og þá með leiðsagnarmati.
- Framsögn er sömuleiðis metin m.a. á litlu jólum, á árshátíð, á kynningum samþættra verkefna og í „krók“.
- Stuttar kannanir verða lagðar fyrir, þar sem hæfni nemenda er könnuð samanber hæfniviðmið hér að ofan.
- Einkunnir eru gefnar á kvarðanum 0-10 nema í lestri en þá er gefinn upp orðafjöldi á mínútu.

Heimilisfræði 3 og 4.bekkur

Kennari: Kolbeinn Ísólfsson

Heimilisfræði

Tveir tímar í heimilisfræði á viku og er samkennt.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Við lok skólaárs geti nemendur:

Matur og lífshættir:

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.

- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Matur og vinnubrögð:

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúshöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.

Matur og umhverfi:

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Matur og menning:

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Skipulag kennslunnar

Kennsluáferðir: hópkenndsla, innlagnir, verklegar æfingar, o.s.frv.

Námsgögn Heimilisfræði nr 3 og 4.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlok.

Samfélagsfræði 3. bekkur

Kennari: Kolbeinn Ísólfsson

Samfélagsfræði

Efnisþættir hæfniviðmiða samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka; reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Hæfniviðmið

Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemenda til að skilja veruleikann

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Þekkt gildin virðing fyrir sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar.
- Rætt um ýmis samfélagsleg málefni sem eru í umræðunni hverju sinni.
- Gert sér grein fyrir því að búseta manna ræður miklu um lifnaðarhætti þeirra.
- Þekki og geti nýtt sér landakort.
- Þekki nokkur lönd, staðsetningu þeirra og lifnaðarhætti þar.

Sjálfsmynd

Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Að vori geti nemandi:

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á gildi jákvæðra gilda og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans/hennar liggur.

- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hana/hann.
- Gert grein fyrir tilfinningum sínum.
- Gert sér grein fyrir áreitum umhverfisins sem hafa áhrif á líf hans/hennar.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Sett sig í spor annarra.
- Sett sér markmið og áætlanir og farið eftir þeim.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Að vori geti nemandi:

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin siðferðileg málefni.
- Rætt um réttindi sín og skyldur.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum.

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í minni hópum að ýmsum verkefnum þar sem hæfni er þjálfuð samkvæmt ofansögðu.

Kennslugögn eru ýmsar bækur af bókasafni, Komdu og skoðaðu bækurnar og Halló heimur.

Námsmat

Í samfélagsfræði er mikilvægt að nemendur læri nýjan orðaforða greinarinnar og þjálfist vel í að nota hann og verður lögð áhersla á slíkt í námsmatinu.

Próf verða munnleg og verkefni metin með leiðsagnarmati

Þekking er metin í samtölum og þegar nemendur kynna samþætt verkefni.

Samfélagsfræði 4. bekkur

Kennari: Fjóra Kristín B. Blandon og Kolbeinn Ísleifsson

Þrjár tímar í samfélagsfræði á viku samkenndir með 5. bekk

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,
- áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu,
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna,,
- sett sig í spor annarra jafnaldra,
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,
- rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekkt til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.

Skipulag kennslunar

Námsefni miðast út frá bókinni **Fyrstu samfélög**. Lögð er áhersla á að virkja gagnrýna hugsun nemenda og vekja áhuga þeirra á umræðu um lífið og samfélag okkar ásamt því að hvetja nemendur til að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélagið sem við búum öll í. Meðal kennsluaðferða má nefna spurt og svarað, nemendur gerðir að sérfræðingum (e. Mantle of the expert“), einn – fleiri – allir (e. Think – Pair – Share) og hlutverkaleiki svo fátt eitt sé nefnt. Verkefni út frá hverju viðfangsefni fyrir sig verða ýmist unnin einstaklingslega og/eða í hóp.

Námsgögn: **Fyrstu samfélög, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Ferðir Ódysseifs** og ýmislegt efni frá kennara.

Grunnþættir menntunar

- *Læsi:* Læsi á menningu og félagslega þætti samfélagsins er mikilvægur þáttur fyrir hvern einstakling til að hann fái notið sín og geti notið þess sem samfélagið hefur fram að færa. Markmið samfélagsfræðinnar er að hjálpa nemendum að skilja umhverfi sitt nær og fjær, fá innsýn í ólíka menningarheima í tíma og rúmi með umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins að leiðarljósi.
- *Sjálfbærni:* Sjálfbærni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Nemendur fræðast um umhverfismál og mikilvægi þess að fara vel með auðlindir jarðarinnar.
- *Lýðræði og mannréttindi:* Endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með þátttöku í hópvinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars. Samfélagsfræðin gefur auk þess kost á því að fjalla um lýðræði og mannréttindi á margvíslegan hátt.
- *Jafnrétti:* Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda. Samfélagsfræðin býður auk þess upp á fjölmörg tækifæri til að ræða jafnrétti á ýmsum tímum og stöðu jafnréttismála í heiminum í dag.
- *Heilbrigði og velferð:* Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- *Sköpun:* Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að vinna verkefni sín.

Námsmat

Þekking nemenda verður könnuð með símati yfir önnina þar sem kannanir verða lagðar fyrir undir lok yfirferðar á ákveðnu efni. Þá verða nemendur metnir út frá kynningum þeirra á námsefninu, virkni og áhuga í kennslutímum.

Hlutfall námsþátt í lokaekunn að vetri er eftirfarandi:



Kannanir	40%
Kynningar á völdu efni	40%
Kennaraekunn/lykilhæfni	20%

Kennsluáætlun

Sept.: Unnið með efni bókarinnar *Fyrstu samfélög* með áherslu á safnara og veiðmenn, hellisbúa og hvernig siðir og venjur verða til. Ýmis verkefni tengd efni bókarinnar og umræður.

Okt.: Unnið með efni bókana *Fyrstu samfélög* og *Komdu og skoðaðu heiminn* með áherslu á Egyptaland og sögu þess. Ýmis verkefni tengd efni bókarinnar og umræður.

Nón.: Unnið með efni bókarinnar *Ferðir Ódysseifs* og fleira námsefni sem tengist Grikklandi. Ýmis verkefni tengd efni bókarinnar og umræður.

Des.: Unnið með fjölbreytt efni sem skoðar jól og jólahæðir í mannkynssögunni. Ýmis verkefni tengd efni bókarinnar og umræður.

Náttúrufræði

Kennari: Ragna Magnúsdóttir

Náttúrufræði

Hæfniviðmiðum fyrir náttúrugreinar er skipt í tvo flokka; hæfniviðmið um verklag og hæfniviðmið tengd viðfangsefnum.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Látið sig varða sitt nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
- greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Komið auga á þarfir í umhverfin sínu.
- Unnið eftir verkferli nýsköpunar
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök náttúruvísinda.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

- Gert sér grein fyrir því hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans byggir á samspili við hana.

Vinnubrögð og færni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Framkvæmt einfaldar tilraunir úti sem inni og sagt frá þeim.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruna.
- Skráð athuganir og atburði t.d. með myndum, teikningum eða frásögn.
- notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- hlustað á og rætt hugmyndir annara.

Ábyrgð á umhverfinu

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Sýnt félögum jafnt sem náttúru alúð.
- Skoðað áhrif mannsins á umhverfið.
- Rætt eigin lífssýn og gildi við aðra, og hlustað.
- Skoðað hvernig við getum bætt umhverfi okkar, hvert og eitt okkar
- Sýnt félögum jafnt sem náttúru alúð

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Tekið þátt í umræðum um veðrun og rof.
- Sagt frá því hvernig Ísland varð til og er í sífelltri mótun.
- Lýst landnotkun í heimabyggð.
- Fylgst með og skráð veður.
- Sagt frá árstíðaskiptum og breytingum sem fylgja þeim.
- Þekkt byggðarlag sitt á loftmyndum.

Lífsskilyrði manna

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu starfssemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi heilbrigðs lífneris.
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði ljósi og hitastig ofl þh.

Náttúra Íslands

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Sagt frá eigin upplifun af náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Lýst algengustu lífverum í umhverfi sínu.
- Útskýrt fæðukeðjur.
- Greint á milli algengra orkugjafa á Íslandi.
- Sagt frá og þekkt náttúruhamfarir og hvar þær verða helst.

Heilbrigði umhverfisins

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Flokkað úrgang.

- gert grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir felar veita
- sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra
- rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Rætt um hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks bæði auðveldara og erfiðara.
- flokkað efni

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í minni hópum að ýmsum verkefnum þar sem hæfni er þjálfuð samkvæmt ofansögðu. Þetta er gert meðal annars í heimildavinnu, Lausnarleitarnámi, Hlutverkaleikjum og beinni kennslu. Þá er mikið lagt upp úr kennslu úti þar sem farið verður í vettvangsferðir og ýmislegt rannsakað í náttúrunni.

Kennslugögn eru ýmsar bækur af bókasafni, Komdu og skoðaðu líkamann, Græðlingur 1-4, Komdu og skoðaðu hringrásir og annað efni frá kennara.

Námsmat

Í náttúruvísindum eins og samfélagsgreinum er mikilvægt að nemendur læri nýjan orðaforða greinarinnar og þjálfist vel í að nota hann og verður lögð áhersla á slíkt í námsmatinu.

Þekking er metin í samtölum og þegar nemendur kynna samþætt verkefni.

Leiðsagnarmat, símat og munnleg próf

Stærðfræði

Kennari: Kolbeinn Ísólffsson

Fjöldi kennslustunda: 6 í viku hverri.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar snúa að almennum viðmiðum um stærðfræðilega hæfni. Síðari fjórir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar; Tölur og reikningur, Algebra, Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi.



Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að vori geti nemandi:

- Tjáð sig um stærðfræði og beitt skapandi hugsun og ígrundun við lausn verkefna.
- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir
- sett fram meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnálnur, teikninga og myndrit sem tengjast umhverfi og daglegu lífi
- rökrætt um stærðfræðiverkefni af innsæi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að vori geti nemandi:

- Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar.
- Þekkt vel og skilið eiginleika og merkingu $+$ $-$ x / og $=$
- Notað myndmál, frásögn og texta jafnt sem táknmál stærðfræðinnar og skýrt þannig tengsl á milli þessa.
- Geti nýtt sér vasareikna og tölvur við stærðfræðileg viðfangsefni.
- Notað hentug verkfæri þar með talin hlutbundin gögn.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að vori geti nemandi:

- Unnið með öðrum við úrlausn verkefna, rannsóknir og túlkun úrlausna sem tengjast stærðfræði daglegs lífs.
- Þekki verðgildi peninga.
- sagt frá því hvar og hvenær við getum nýtt okkur stærðfræði
- undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.

Tölur og reikningur

Að vori geti nemandi:

- Skráð fjölda og reiknað með náttúrulegar tölur
- noti tugakerfisríthátt og skilji.
- Nýtt sér eigin leiðir við lausnir og sýnt leiðina til lausnar með teikningum eða á annan hátt.

Algebra

- Búið til mynstur eftir ákveðnum reglum og tjáð sig um mynstur sem búin eru til út frá ákveðnum reglum.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð
- fundið lausnir á jöfnum með óformlegurm aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna á sínum hraða í stærðfræðinni og fá að vinna í æfingabókum með Sprota heima eftir áhuga og getu hvers og eins.

Við nýtum okkur ýmis gögn við námið, Numicon, sætisgildiskubba, talnagrindur, einfestukubba, myndir og mælitæki.

Námsefni vetrarins eru Sprotabækurnar frá 3a og 3b – 4a og 4b, ásamt æfingabókum. Efni af vef, t.d. vef sem fylgir Sprotabókunum: <http://vefir.mms.is/staerdfraeditorg/youngstastig.html> ásamt öðru veflægu efni af stærðfræðitorgi og víðar.

Námsmat

Um jól og að vori verða gefnar einkunnir á bilinu 0-10 fyrir sérstök próf

Myndmennt /Sjónlistir


Kennari: Kolbeinn Ísólfsson

Nemendur fá 2 x 40 mínútur á viku og er samkennt.

Hæfniviðmið

Að nemandi geti

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita og formfræði og myndbyggingar
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- tjáð tilfinninga, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- fjallað um egin verk og annarra
- þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefni og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins
- greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka
- greintg á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.



Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum.

Stuðst verður við listakennslubækur og verkefni af veraldarvef. Efni og áhöld sem verkefnin krefjast.

Grunnþættir menntunar

- Læsi Markmið með myndlistarkennslu er að gera nemendur læsa á þann tákneim sem alls staðar er í kringum okkur. Þjálfun í að beita miðlum myndlistarinnar gerir nemendur færari til að miðla eigin hugmyndum og eflir frumkvæði þeirra.
- Sjálfbærni byggist meðal annars á því að kenna nemendum að nýta efnivið sem annars færi í ruslið og að fara vel með þau efni sem unnið er með hverju sinni.
- Lýðræði og mannréttindi endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum verkefnum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars.
- Jafnrétti birtist meðal annars í því að allir nemendur fá að vinna að sínum verkefnum eftir getu og þörfum þeirra mætt af skilningi og virðingu. Nemendur skulu temja sér að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.
- Heilbrigði og velferð nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmýnd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um viðfangsefni myndlistarinnar.
- Sköpun er undirstaða allra listgreina og með markvissri þjálfun fá nemendur aukið sjálfstraust og frumkvæði til að finna sköpunargleði sinni farveg. Með því að efla skapandi hugsun eykst geta nemenda til að leysa fjölbreytt verkefni í daglegu lífi og námi.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlok.

Textílmenn

Kennari: Björg Kristín Björgvinsdóttir

Nemendur í 3. bekk fá 2 x 40 mínútna kennslustund á viku.

Nemendur í 4. bekk fá 1 x 40 mínútna kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

Handverk, aðferðir og tækni. Að nemendur geti notað einfaldar aðferðir innan textílgreinarinnar, beitt viðeigandi verkfærum af öryggi og unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla. Að nemendur geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu og skreytt verk sín á einfaldan hátt.

Menning og umhverfi. Að nemendur geti sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. Geti notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara. Kennarar eru grunnaðferðir og tækni innan textílmenntarinnar. Vinna nemenda er oftast einstaklingsleg en stundum verður ein heildarútkoma í lok verkefna.

Námsgögn: Verkefni úr verkefnasafni kennara og verkefni af veraldarvefnum. Ýmis efni og áhöld sem verkefni krefjast.

Grunnbættir menntunar

Í textílmenn er unnið með efni af ólíkum toga bæði umhverfisvæn og mengandi. Mikilvægt er að nemendur þekki muninn á umhverfisvænu og umhverfisspillandi efnum, læri að umgangast þau rétt og beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmenn er tækifæri til að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda. Í textílmenn vinna nemendur í nánd við hvert annað, læra að taka tillit hvors annars, hjálpa hvort öðru og bera virðingu fyrir hvort öðru, hvert með sína sérstöðu og persónulega stíl.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlok.

Tónmennt

Kennari: Herdís Rútsdóttir

Nemendur fá 1 x 40 mínútna kennslustund á viku

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- Þekkt hin ýmsu hljóðfæri
- Að læra fjölbreytt söng- og þjóðlög, bæði íslensk og erlend
- Tekið þátt í spuna og tónsköpun
- Þjálfað virka hlustun í gegnum samspil og leiki
- Rætt um eigin tónlist sem og annarra út frá smekk og upplifun
- Að læra að vinna í hóp, bera virðingu fyrir öðrum og taka ábyrð á eigin hlutverki

Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna ýmist allir saman eða í minni hópum. Það fer eftir eðli verkefnis hverju sinni.

Námsgögn: Töfrakassinn tónlistaleikir, Syngjum saman, Söngvasafn 1 og 2, Ljósrituð textablöð og hlustunarefni af ýmsum toga.

Grunnbættir menntunar

Tónlist er hluti af lífi og starfi einstaklinga hvar sem er í heiminum. Hún er ein leið til þess að einstaklingar geti tjáð tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlistariðkun felst m.a. í hlustun, sköpun og flutning. Þá á tónlistarkennsla í grunnskólum að efla næmni nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlök.

Skólaíþróttir

Kennari: Sóley Margeirsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

- Boltafærni æfð s.s. kasta og grípa sem og sparka og taka á móti
- Æft undirstöðu atriði sem tengjast lipurð og samhæfingu
- Lært hina ýmsu leiki með og án bolta
- Æft undirstöðu atriði sunds s.s. bringu-, skrið- skólabak- og baksund. Einnig hoppað ofan í laug, fljóta og spyrna frá bakka.
- Farið eftir helstu öryggisreglum bæði í sundlaug og íþróttahúsi

Grunnþættir menntunar

- Læsi: Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.
- Sjálfbærni: Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim ánægju og sem þeim þykir áhugaverður.
- Jafnrétti: Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi: Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi.
- Heilbrigði og velferð: Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.
- Sköpun: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir; hópkenntla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv.

Skipulag í kennslustofunni; einstaklingsvinna, hópavinna og samvinna

Námsgögn; tæki og tól s.s. flár, núðlur, dýnur, bolta o.s.frv. og leikir

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10

Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og hæfni.

Upplýsingamennt

Kennari: Thelma María Marinósdóttir

Ein kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

- Vinnulag og vinnubrögð - Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla - Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.
- Tækni og búnaður - Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu.
- Sköpun og miðlun - Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Skipulag kennslunnar

Helstu þjálfunarþættir

- Fingrasetning
- Vinna á ýmiskonar forrit s.s. word, powerpoint og excel svo eitthvað sé nefnt, auk ýmissa verkefna sem bæta tölvukunnáttu nemenda.
- Kennsluaðferðir; einstaklingskennsla, hópakennsla, innlagnir o.s.frv.
- Námsgögn; námsefni frá kennara, vefur og tölvuforrit

Grunnþættir menntunar

- Læsi - Að nemendur fái kennslu í að efla upplýsinga- og miðlunarläsi. Einnig að hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifæri og tæknilæsi.
- Sjálfbærni - Að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og viti um helstu hættur vefsins, geti forðast þær og sagt öðrum um þær.
- Jafnrétti - Nemendur geti farið eftir reglum internetsins en einnig nýtt sér internetið á alþjóðargrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi - Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi en einnig aðra í internet heiminum.
- Heilbrigði og velferð - Nemendur geti nýtt internetið til að leita sér aðferða, uppskrifta og leiða til að öðlast heilbrigðs lífennis.
- Sköpun - Geti skapað sína eigin vefsíður, leiki o.s.frv.

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10

Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og verkefni.